

Kópavogi, 24. apríl 2020.

Ágæti skólustjóri.

Efni: Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum hjá 9. bekk.

Mig langar að nota tækifærið og hrósa ykkur fyrir starfið í skólunum síðustu vikur. Þið hafið brugðist vel við óvæntum og krefjandi aðstæðum vegna þessa heimsfaraldurs. Það hefur verið frábært að sjá hvernig fagmennska og drifkraftur starfsmanna skólanna hefur náð að yfirstíga þær krefjandi hindranir sem komið hafa upp. Það er alls ekki einfalt mál að endurskipuleggja skólastarfið og hlúa svona vel að velferð nemenda.

Einkunnir úr samræmdum könnunarprófum fyrir nemendur í 9. bekk eru tilbúnar. Því miður eru niðurstöður aðeins seinni á ferðinni en áætlað var. Það skýrist af lengingu á fyrirlagnartíma prófanna um viku (vegna óveðurs), úrvinnsla varð hægari vegna aðstæðna í samfélaginu og fleiri þátta. Einkunnir úr prófunum fara inn í [Skólagátt](#) og eru skólar beðnir um að afhenda nemendum niðurstöðurnar. Sýnispróf eru einnig aðgengileg í Skólagátt.

[Hér eru leiðbeiningar um hvernig sækja má niðurstöður einstakra nemenda í Skólagátt.](#)

Samantekt á samræmdum könnunarprófum

Í Skólagátt er unnt að sjá samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa (undir flipa sem kallast *Mælaborð*). Athugið að hver skóli hefur einungis aðgang að sínum niðurstöðum. Samantektin í mælaborðinu sýnir aðeins þá nemendur sem eru skráðir í skólann hverju sinni.

[Hér eru leiðbeiningar um hvernig nálgast má birtingarmyndir í Skólagátt, meðal annars hvernig má sækja skjal með niðurstöðum fyrir hvern bekk/nemanda og fleira.](#)

Könnun á fyrirlögn og framkvæmd

Mikilvægt er fyrir Menntamálastofnun að fá endurgjöf á framkvæmd samræmdra könnunarprófa. Óskað er eftir að skólustjórnenndur svari [meðfylgjandi könnun](#) um fyrirlögn prófanna.

Við þökkum kærlega fyrir samstarfið við fyrirlögn samræmdra könnunarprófa og gangi ykkur vel. Þjónustuver Menntamálastofnunar svarar fyrirspurnum á postur@mms.is

Með góðri kveðju,
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs